

**Markmið / tilgangur:**

Að vera til fyrirmynda í umhverfismálum og njóta bestu kjara við losun á úrgangi.

**Ábyrgðarmenn:**

Vallarnefnd

**Lýsing:****Úrgangur sem er til staðar í Iðavöllum**

- Patrónur
- Umbúðir af leirdúfum
- Umbúðir af skotum
- Heimilissorp
- Gosdrykkjaumbúðir
- Blöð og tímarit

Ofantalin úrgangur skal flokka og meðhöndla eftirfarandi:

**Patrónur:**

Patrónur skal setja í glærann plastpoka sem hefur verið komið fyrir í grind inni í félagheimilinu. Ekkert annað má fara í það ílát. Þegar pokinn er fullur skal loka honum tryggilega og koma á Gámavelli.

**Umbúðir af leirdúfum og skotum:**

Umbúðir af leirdúfum og umbúðir frá skotum skal brenna í ofni sem staðsettur er norðan við nýja félagsheimilið.

**Heimilissorp:**

Heimilissorp skal setja í svarta ruslapoka sem komið er fyrir í grind sem staðsett er við hlið patrónupoka í félagsheimili. Þegar pokinn er fullur skal honum lokað og komið á Gámavelli.

**Gosdrykkjaumbúðir:**

Gosdrykkjaumbúðum úr plasti skal safna í ruslapoka í félagsheimilinu. Þegar pokinn er fullur skal vallarnefnd lát a unglunga félagsins koma innihaldinu í verð og skal ágóðanum komið til gjaldkera og renna til unglungastarfs.